

Fjölmenningarsetur

07 329

Ársreikningur 2019

Skýrsla og áritun forstöðumanns


Fjölmenningarsetur hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við innflytjendur sem búsettir eru á Íslandi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 70 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 50,6 milljónir og afkoma kr. -3,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -3,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 8,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölmenningarseturs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölmenningarseturs fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

 13.05.2020

Staður, dags.



Forstöðumaður

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður		1.143.624	156.055
Fastafjármunir samtals		<u>1.143.624</u>	<u>156.055</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	7.065.182	2.848.171
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	32.600
Veltufjármunir samtals		<u>7.065.182</u>	<u>2.880.771</u>
Eignir samtals		<u><u>8.208.806</u></u>	<u><u>3.036.826</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		(3.930.640)	(3.555.881)
Eigið fé samtals		<u>(3.930.640)</u>	<u>(3.555.881)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	354.360	395.686
Viðskiptaskuldir		1.388.378	1.608.510
Ýmsar skammtímaskuldir	8	4.008.200	4.511.608
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	9	6.388.508	76.903
Skuldir samtals		<u>12.139.446</u>	<u>6.592.707</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>8.208.806</u></u>	<u><u>3.036.826</u></u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækens endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	46.900.000	42.500.000
Tekjufærsla fjárveitinga	46.900.000	42.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	199.395	327.769
	<u>47.099.395</u>	<u>42.827.769</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	38.900.000	0	0	38.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	8.000.000	0	0	8.000.000
Fjárveiting til tekna	46.900.000	0	0	46.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(50.830.640)	0	0	(50.830.640)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(3.930.640)	0	0	(3.930.640)

	2019	2018
3 Laun og launatengd gjöld		
Laun	31.189.717	22.704.225
Orlof, breyting	(568.508)	1.696.313
Launatengd gjöld	7.149.187	5.220.830
Starfsmannakostnaður	100.440	88.680
	<u>37.870.836</u>	<u>29.710.048</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	4,3	2,9

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	42.880	317.174
Ýmis tæki og áhöld	70.445	23.230
Orkugjafir	30.069	11.459
Matvæli	48.869	70.114
Almennar rekstrarvörur	19.180	64.471
Vörukaup, almenn	211.443	486.448
Fundir, námskeið, risna	25.000	90.140
Ferðir, uppihald	3.328.225	2.413.387
Akstur	1.720.532	818.080
Sérfræðiþjónusta	3.500.297	7.805.671
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	5.032	2.312
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	175.092	396.582
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	181.387	1.480.250
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.935.565	13.006.422
Afnotagjöld	1.867.994	835.366
Leigugjöld	4.286.438	2.950.930
Verkkaup	200.709	10.807
Kostnaðarhlutdeild	925.671	862.596
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	7.280.812	4.659.699
Annar rekstrarkostnaður samtals	16.427.820	18.152.569

Skýringar

9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	2019	2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.143.624	156.055
Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga	5.244.884	(79.152)
	<u>6.388.508</u>	<u>76.903</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	156.055	(79.152)	76.903
Gjafir til fjárfestinga	0	6.511.000	6.511.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.186.964	(1.186.964)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(199.395)	0	(199.395)
	<u>1.143.624</u>	<u>5.244.884</u>	<u>(122.492)</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga. Samningarnir eru ótímabundnir. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema 3 millj. kr. og vegna þjónustusamninga 2,1 millj. kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

Atburðir eftir reikningskiladag

Á ekki við